

B. Sé notaður 150 mm heilmöskvi (135 mm innanmál) er stykkið 110 upptökur að fram-anverðu og endar í 53 upptökum að aftan þar sem skiljan saumast við. Síðufjöldinn í stykkinu skal þá vera 85,5.

Stykkið skal sett við belg þar sem ummálið er það sama, þ.e. þar sem sami möskvafjöldi er í belg og stykki, ef um sömu möskvastærð er að ræða. Annars skal ummál strekts nets ráða.

VIÐAUKI 3

Tegund skilju - SORT-V.

Lýsing á skilju.

SORT-V skilja er gerð úr einni stálgrind („einskiljuckerfi“) með a.m.k. 55 mm rimlabili. Grindinni er komið fyrir í nethólki með lyftineti framan við grind og leiðarneti fyrir aftan. Framlenging er á milli belgs vörpunnar og nethólksins, þ.e. mátstykki sem skorið er að hólkn-um. SORT-V skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindin er gerð úr ryðfríu stáli og eru rimlar hennar samsíða belg vörpunnar. Til þess að vega upp á móti þyngd skiljunnar í sjó eru festar 200 mm flotkúlur (17 stk.) á efri grindarbrún og netið umhverfis.

Ísetning skilju.

Grindin er 1750 x 1234 mm að stærð. Ytri mál eru stöðluð þannig að einfalt er að skip-ta um grindur með mismunandi rimlabili.

Nethólkurinn sem lyftinet, grind og leiðarnet er fest í er úr tvöföldu garni (6 mm). Hann er 60 möskva langur, með yfir- og undirbyrði sem eru 52 möskvar á upptökum. Möskvastærð er 135 mm að innanmáli.

Lyftinetið framan við grind er sniðið úr 3 mm garni með hámarksmöskvastærð 60 mm og undir fremri hluta þess eru 200 mm flotkúlur (5 stk.).

Leiðarnet aftan við grindina er 2800 mm langt úr 3 mm garni með sömu möskvastærð og lyftinetið en að hámarki 60 mm.

Til þess að viðhalda sama halla á skiljunni allan togtímann eða 28°- 29° skal festa stag-keðjur við skiljuna. Stagkeðjurnar skulu ekki vera lengri en 415 cm langar og eiga að liggja frá fremri hornum grindarinnar aftur að enda hliðarleysa nethólks skiljunnar.

28. mars 2001

Nr. 279

AUGLÝSING

um ökutækjatrýggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.170 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 202 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysáttryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1. - 3. mgr. 92. gr. skuli vera 88 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, sbr. reglugerð nr. 309/1999, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 101.000 kr. fyrir einstakling og 217.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 36.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 256 10. apríl 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. mars 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingar á *Skoðunarhandbók*, sbr. auglýsingu nr. 437 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á *Skoðunarhandbók* er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu *Skoðunarhandbókar*, nr. 437 30. júní 1998.

Breytingarnar eru frá 1. mars 2001.

Skráningarstofan hf. annast dreifingu breytingarblaða til faggiltra skoðunarstöðva og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.